

Miðvikudaginn 15. janúar 1997.

Nr. 20/1997.

Rannsóknarlögregla ríkisins

(Jón H. Snorrason deildarstjóri)

gegn

Rúnari Presti Grímssyni

(Jón Einar Jakobsson hdl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, a-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991. Stjórnarskrá.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 12. janúar 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 13. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 12. janúar 1997, þar sem varnaraðila var gert að sæta gæsluvarðhaldi að kröfu sóknaraðila allt til þriðjudagsins 28. sama mánaðar kl. 16.00. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldi verði markaður skemmri tími. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili krefst staðfestingar úrskurðar héraðsdóms.

Eins og getið er í hinum kærða úrskurði, dróst í rúman sólarhring frá handtöku varnaraðila, að hann yrði leiddur fyrir dómara. Þessi dráttur er í andstöðu við 3. mgr. 67. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 5. gr. stjórnskipunarlaga nr. 97/1995. Þetta veldur því þó ekki, að hafna verði kröfu um gæsluvarðhald. Með þessari athugasemd verður hinn kærði úrskurður staðfestur með vísan til forsendna hans.

Kærumálskostnaður dæmist ekki.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 12. janúar 1997.

Ár 1997, sunnudaginn 12. janúar, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Jóni Finnbjörnssyni dómarafulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess með vísan til a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, að Rúnari Þresti Grímssyni, kt. 150649-7499, Haukanesi 1, Garðabæ, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til þriðjudagsins 28. janúar 1997 kl. 16.00 vegna grunar um brot gegn tollalögum nr. 55/1987 og ákvæðum XIV. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Niðurstaða.

Kærði er undir rökstuddum grun um brot gegn eða hlutdeild í broti gegn lögum nr. 55/1987 og XIV. kafla almennra hegningarlaga. Rannsókn málsins er á frumstigi, og enn er eftir að yfirheyra talsvert mörg vitni og aðra, er eiga hugsanlega hlutdeild í brotinu. Því er nauðsynlegt um nokkra hríð að hindra, að kærði spilli sakargögnum eða hafi áhrif á hugsanlega samseka eða vitni, sbr. a-lið 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991. Í samræmi við kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins verður varðhaldinu markaður tími til 28. janúar nk.

Kærði var handtekinn kl. 12.15 í gær, laugardag. Hann var færður í Dómhúsið kl. 12.25, en ekki fyrir dómara fyrir en kl. 13.45. Sú töf stafaði af því, að beðið var eftir lögmanni þeim, er síðar var skipaður verjandi kærða. Vegna staðhæfingar verjanda er rétt að taka fram, að brot gegn lögum nr. 55/1987 getur varðað fangelsisrefsingu, sbr. 124. gr. þeirra laga.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Rúnar Þröstur Grímsson, sæti gæsluvarðhaldi allt til þriðjudagsins 28. janúar 1997 kl. 16.00.
